

## Kæri starfsmaður

Leikskólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er starfsmannakönnun sem metur fjölbreytta þætti, þ.á.m. daglegt starf, vinnuálag, áskoranir í starfi, stuðning frá yfirmanni, samband vinnu og einkalífs, starfsanda, uppeldi og símenntun.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun leikskólans. Könnunin fer fram í mars og leikskólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun apríl. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsfólk Skólapúlsins til að framkvæma tölfraðigreiningar m.a. fyrir ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á starfi leikskólastarfsfólks á landsvísu.

Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónupplýsinga og er í samræmi við GDPR reglugerð Evrópuþingsins. Fjórar leiðir hafa verið þróaðar í því skyni:

- ✓ **Öllum persónuupplýsingum er eytt áður en svörun hefst** nema að svarandi biðji sérstaklega um að vera minntur á ef hann gleymir að ljúka könnuninni. Í slíkum tilfellum er persónuupplýsingum sjálfkrafa eytt strax að lokinni svörun.
- ✓ **Allar skeytasendingar eru dulkóðaðar ([https:](https://))** sem dregur úr líkum á því að hægt sé að hlera svörun um leið og hún á sér stað.
- ✓ **Opin svör eru vistuð aðskilin frá öðrum svörum könnunarinnar** sem kemur í veg fyrir að upplýsingar sem koma fram í opnu svari geti á nokkurn hátt verið tengdar svörum við fjölvalssurningum í könnuninni.
- ✓ **Notkun á vefkökum er takmörkuð**, sjá nánar á [www.visar.is](http://www.visar.is) undir Persónuverndarstefna.

*Vízar rannsóknir*, sem sér um framkvæmd könnunarinnar, er meðlimur ESOMAR, alþjóðasamtaka rannsóknafyrirtækja og vinna samkvæmt siðareglum þeirra. Nánari upplýsingar um öryggisráðstafanir má finna í persónuverndarstefnu á [www.visar.is](http://www.visar.is). Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með því að senda póst á [personuvernd@visar.is](mailto:personuvernd@visar.is).

Ef þú er mótfallin(n) því að eiga möguleika á að svara könnuninni, vinsamlegast hafðu samband við tengilið við könnunina hjá leikskólanum. Nánari upplýsingar um könnunina eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is).